

13-03-86

ÁRSSKÝRSLA HAUKADALS 1986

Mars 1987

Baldur Þorsteinsson

1. Veðurfar.

Veturinn var snjóléttur og mildur fram í mars. Þá tók að kólna og snjóaði talsvert. Í lok mánaðarins kom svo mjög harður frostakafli. Vorið var þurrt og kalt, enda var ríkjandi NA-átt.

Að morgni þess 10. júní var alhvít jörð, en snjóinn tók upp samdægurs. Tíðin skáði upp úr miðjum júní. Dagana 28/6.-3/7. var mjög hlýtt. Komst hitinn alla þessa daga yfir 18°C. Júlí var hlýr og ágúst nærri meðallagi.

Fyrri hluti september var sólríkur og mildur, en síðari hlutinn votviðrasamur og svalur.

Sumarið verður að teljast í styttra lagi, en hæfileg úrkoma og hlýindi í júlí bættu upp kalt vor.

Vetur lagðist snemma að. Þann 1. október snjóaði 5-10 cm, og að morgni þess þriðja var frostið $\pm 11^{\circ}\text{C}$. Upp úr því hlýnaði aftur, og næstu viku var votviðrasamt og hiti 5-10°C. Upp úr miðjum mánuði fór heldur kólnandi, og fór aftur að snjóa þann 17. okt., en ekki bætti verulega á fyrr en í byrjun nóv. Þá snjóaði allmikið til fjalla og náði sá snjór einnig niður á láglandi í Haukadal. Hést tíðin köld og snjór á jörðu fram til áramóta.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1. Laufgun og lauffall.

Bæjarstaðabirki var allaufgað þann 18. júní, en heimakjarriði þ. 2. júní. Kjarrið felldi laufið þ. 30. sept. í hvassviðri, er þá gekk yfir. Bæjarstaðabirki felldi laufið um 11. okt. Hakaskojalerki felldi barr um 6. okt. Vaxtartíminn var því óvenju stuttur árið 1986.

2.2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Vöxtur grenis var í góðu meðallagi, en rétt í meðallagi hjá stafafuru og lerki.

Lítilllega bar á því að barr sviðnaði á stafafuru á veðurhörðum stöðum. Maðkur var töluverður í birkikjarri.

2.3. Fræfall.

Lítið var um fræ á skógartrjám, en svipað og vejulega á lúpínu. Tíndu þeir verkstjórinn og 3-5 menn frá Landgræðslu ríkisins svipað magn af fræi og árið áður dagana 20.-25. ágúst.

3. Starfsfólk.

Alls komust 18 menn á launaskrá. Skiptingin eftir mánuðum var þessi:

J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
1-2	1-2	1	1-2	2-6	7	7	1-5	1	1-2	2-5	1

Tekið skal fram, að mánuðina des.-apríl svo og september-október var sáralítið unnið í Haukadal, þó svo að 1-2 menn hafi verið á launaskrá þessa mánuði, enda voru um 2000 vinnustundir ónotaðar af áætluðum fjölda.

Ole J. Nordhagen, nemandi við Landbún. hásk. á Ási, vann hér aftur í sumar. Var hann betri en enginn við grisjun og sögun. Sigvaldi Ásgeirsson og Þórður J. Þórðarson sóttu námsskeið í viðhaldi vélsaga í apríl. Námsskeiðið var haldið að frumkvæði JoBu í Noregi, en á þeim bæ mun þeim hafa ofboðið notkun varahluta hjá Skógrækt ríkisins í þessar sagir.

4. Girðingar og varsla.

Að þessu sinni sáu starfsmenn í Haukadal um viðhald girðingar um Hrauntún. Viðhald í Haukadal og Hrauntúni nam alls 40 vinnustundum. Haukadalsland var að mestu fjár-laust allt sumarið. Sauðfé, sem komst inn á landgræðslusvæðið var jafnan rekið þaðan áður en það komst niður í skógræktarlandið. Sauðfé Neðra-Dalsbænda var skorið á haustdögum.

5. Skógarhögg.

5.1. Birki og rauðgreni.

Enn voru fellð nokkur tré í birkilundinum á Austurmóa (4513). Nú eru mestan part eftir allgóð tré, svo hér gæti fengist birkifræ. í betra lagi á næstu árum. Fellð voru nokkur tré í birkilundinum við Tortu. Trén þar eru á fallanda fæti. Úr Þjórsárdal var fengin að láni hjól-

sög til þess að kurla birkið bæði frá í ár og það, sem legið hafði í kesti frá grisjuninni 1984. Fylltir voru 600 poka af arinviði og er enn til efni í 3-400 poka. Sendir voru til Landgræðslusjóðs fyrir jóla 355 pk. Á tímabilinu 31. júlí- 13. ágúst vann Ole Nordhagen að grisjun í rauðgrenireitunum frá 1949 í Miðhlíð. Felld voru rúmlega 700 tré. Bolirnir eru 2-4 m á lengd. Formtala er lág. Merktir mælingareitir voru ekki grisjaðir. Vinna við grisjun og afkvistun varð um 6.5 dv. á ha.

5.2. Jólatré.

Byrjað var að fella jólatré um 10 nóvember, og var því lokið 30. sama mánaðar. Felld voru um 2230 rauðgreni og 740 stafafurur. Skipting á reiti varð í stórum dráttum þessi:

1. Rauðgreni.

<u>reitur</u>	<u>fjöldi</u>	<u>reitur</u>	<u>fjöldi</u>	<u>reitur</u>	<u>fjöldi</u>
1011	30	1072	83	2015-2017	48
1014-1023	230	2012	5	2122,2125	20
1033	35	2014	61	2124	375
1034	25	2015	29	3042	44
1041-1042	404	2041	174	3072	110
1052	110	2062,2071	373	6170	73

2. Stafafura.

<u>reitur</u>	<u>fjöldi</u>
2081	192
4023	58
6021	300
6022	87
6023	105

Kostnaður við högg og lestun nam um kr. 200.000.- eða um 15% af söluverði að frádregnum söluskatti og afslætti. Er það nokkru hærri hlutfall en verið hefir undanfarin ár. Skipting trjána eftir tegund, kaupendum og stærðum er sýnd í töflu hér á eftir. Hlutfallsleg skipting grenisins í stærðarflokka er þannig:

stærðir	0.70 - 1.25 m	31%
-	1.26 - 1.50 -	31%
-	1.51 - 2.00 -	31%
-	yfir 2.01 -	7%

Æskilegt hefði verið, að felld hefðu verið færri tré í tveimur minnstu flokkunum en bæt við flokkinn 1.51-1.75 m. Með tilfærslu af því tagi á t.d. 200 trjám, hefði söluverð hækkað um kr. 60.000 eða um 6%.

Seld jólatré árið 1986.

Stærð	R a u ð g r e n i				Stafaf.	
	Alaska	Eyjablóm	Toppur s.f.	Landgr.sj	Samt.	Landgrsj
0.70-1.00			123	22	145	174
1.01-1.25	20	20	190	244	474	164
1.26-1.50	30	50	220	322	622	142
1.51-1.75	30	25	60	302	417	81
1.76-2.00	20		30	163	213	42
2.01-2.50			17	86	103	29
2.51-3.00				27	27	12
3.01-4.00		3	5	7	15	
4.01-5.00				8	8	
5.01-6.00				5	5	
Alls tré	100	98	645	1186	2029	644
Verð alls	51145	52554	251701	692087	1047490	322013
Mt./tré	511	536	390	584	516	500
<hr/>						
Seld tré alls	2673					
Söluverð	- kr. 1.369.503					

Auk rauðgrenis og stafafuru voru felld nokkur blágrenitré í Skógarholti (3041). Vinnustundir við jólatré voru 714. Eins og tölurnar hér að framan bera með sér, voru felld um 200 fleiri rauðgreni heldur en sölunni nemur. Tæpur helmingur þessara trjáa var höggvinn til þrifa og tæpur helmingur fór í úrkast. Fáein tré voru afhent starfsmönnum án greiðslu.

Af stafafurunni gengu af um 60 tré af þeim minnstu og fáein tré fóru í úrkast.

5.3. Rásasögun

Sagaðar voru rásir í birkikjarrið í reit 2130 (2.5 ha) og vestan Skrínugils frá reit 6173 (Sig. Jónass.) og upp í reiti 6078 og 6079 (tæpir 3 ha). Einnig var sagað ofan við Háumýri (tæpur 1 ha). Unnið var við þetta 23.6.-2.7. og 13.8.-15.8. Afköst reyndust vera um 0.24 ha/dv.

6. Gróðursetning.

Alls voru gróðursettar 44.737 plöntur samkv. uppgefnum tölum.

Gróðursetningin skiptist þannig á tegundir:

Birki	8.450	
P. omorica	257	
Rauðgreni	35.425	
Lerki	605	44.737

Birkið var gróðursett í örfoka land á Haukadalsheiði innan við Hafliðahóla í um það bil 250 m hæð y.s. Tæpur fjórði hluti rauðgrenisins voru dreifsettar bakkaplöntur. Rótarkerfi þeirra var óþjált og flókið. Tafði það talsvert fyrir gróðursetningu. Vinna við gróðursetningu nam 468 vinnust. að viðbættri vinnu verkstjóra.

Sundurliðun gróðursetninga.

Dags.	Tegund	Kvæmi	Aldur	Nr.	Gerð	Reitur	Stk.	Skýr
2.-3.6.	Rauðgr.	Bindal	2/2	B 803	mb.	2109	2.500	Tst.3.140
3.-5.6.	--	---	-	-	-	6082	670	-
5.6.	--	Brönnöy	3/4	- 802	-	2108	350	-
9.6.	--	---	2/4	- 801	-	2108	1.260	- 1.360
9-18.6.	--	Moen	1/2	C 111	fj/beð	2108	9.690	- 7.180
19.6-1.7.	---	---	1/2	-	beð	6082	20.455	-
2.7.	Ev.lerki	Tsch.	2/2	- 100	mb.	1051		- 50
--	--	St.Mor.	--	- 99	-	--	196	- 75
--	--	Alb.P.	--	- 102	-	--		- 55
--	Serbagr.	Rings.			-	2052	257	- 300
--	Mýrarl.	Fairb.	1/2	- 82	-	2051-52	409	- 325
6.7.	Rauðgr.	Drevja	1/1	- 125	fjpt.	1020	500	Hall.
16-17.7.	Birki	Hd./Bøj.	2/0	- 72	-	heiðin	8.450	Grh.
Samtals							44.737	

7. Hirðing gróðursetninga.

7.1. Kjarrhreinsun.

Sagað var frá plöntum með kjarrsögum á tæpum 8 ha lands. Samkvæmt útreikningum Sigv. Ásg. fóru að meðaltali 4.7 dv. í að saga frá á 1 ha. Það svarar til þess, að afköstin séu 0.2 ha/dv. Ef launakostnaður er kr. 2.000 og kostnaður vegna véla kr. 700 á hvert dagsverk, þá er kostn./ha um kr. 13.500. Með flutningi, fæði og húsnæði reiknar Sigv. út, að kostnaðurinn verði kr.25.000/ha. Með því að nota Micron úðadælur telur hann sambærilegan kostnað/ha vera kr. 5.650 og 6.600. Þá er miðað við að nota 2 l roundup á kr. 1000 á ha.

Sagað var frá í eftirtöldum reitum:

2041, 2051, 2124, 2125, 2126, 4023, 6010, 6025, 6079 og 6170.

Í þessum reitum er áætlað að standi um 35.000 rauðgreni og 4.000 tré af öðrum tegundum.

7.2 Úðun með roundup.

Haldið var áfram tilraunum með úðun roundup. Úðað var á tímabilinu 12.-29. ágúst. Styrkleiki efnis var 10%.

Þessir reitir voru úðaðir:

6077 (lokið), 6076 (frá vegi að læk), 6174 (frá vegi að læk), 2121, 2116-2119.

7.3. Snyrting.

Minna var snyrt af rauðgreni en undanfarin ár, en talsvert klippt frásmáplöntum. Þetta á við vinnu með handkl.

Farið var yfir tæpa 19 ha og notaðar um 270 vinnust.

Svarar það til um 0.7 ha/dv. Þessi svæði voru snyrt:

Tortumýri, 1011, 2041, 2062, 2071, 2124, 6010, 6024, 6025, 6078, 6079, 6170, 6173.

7.4. Áburðargjöf.

Flugvél Landgræðslu ríkisins (TF TÚN), dreifði 8 tonnum af græði 4A. Flogið var yfir Miðhlíð og Stekkjarhlíð, þ. e. ofan vegar frá girðingu við Merkgil að sitkagreni utan við Neðri Skerhól. Ekki verður fullyrt á hve stórt svæði áburðurinn hefir dreifst, en það gætu verið 10-12 ha. Þá var einnig flogið með áburð yfir hluta Kotmýrar, áætlað um 4 ha. Í skýrslu verkstjóra kemur ekki fram, hvernig áburðurinn skiptist á þessa tvo staði, en lauslega reiknað gætu hafa farið 500-570 kg/ha miðað við 14-16ha lands.

Handdreifing áburðar nam 6 tonnum, sem dreift var á 40 ha, þ. e. 150^{kg} ha að meðaltali. Þetta gæti svarað til þess, að um 40 g komi í hlut hverra plöntu. Ef Tortumýri og Bryggjumýri, alls 18.5 ha með 950 kg af áburði, eru dregnar frá, þá verða að meðaltali 230 kg/ha. Þetta gæti^{þá} svarað til 60 g/plöntu.

Hér verða ekki taldir upp allir reitir, sem borið var á, né áburðarmagn o. fl. Þær upplýsingar verða færðar inn á spjaldskrá yfir gróðursetningar.

Alls eru skráðar 1328 vinnust. á umhirðu og grisjun að verðgildi kr. 225.852.

Eins og áður segir, voru alls borin á 14 tonn af græði 4 A. Tonnið kostaði kr. 12.040 út úr verksmiðju. Áburð-arkaup námu þá alls kr. 168.560. Vinnustundir við handdreifingu áburðar voru um 250. Ef miðað er við að borið sé á 3.000 plöntur á ha,, en það svarar til 50 g af áburði á hverja plöntu, þá kostar áburðargjöfin á plöntu kr. 1.00, sem skiptist til helminga í efni og vinnu.

8. Húseignir.

Nýbyggingar voru engar.

Til viðhalds á klæðningu utanhúss á starfsmannabústað var borið á litlaust cuprinol, 2-3 umferðir, síðan var máluð ein yfirferð með demidekk málningu.

Keypt voru plaströr til þess að leiða burt yfirfallsvatn frá rotþró.

Rafmagn fór af staðnum eins og stundum áður á versta tíma. Í þetta sinn í miklum frostum í lok mars. Vatn fraus í hitalögn og ofnum í rauða kofanum, og eyðilögðust tveir gamlir ofnar. Hitakerfið var svo endurnýjað um sumarið og bætt við ofn í stofuna. Vinnulaun og efni námu um kr 18.000.

Keyptur hefir verið svonefndur yfirálagsrofi svo unnt sé að tengja vatnsdæluna framhá rafkerfi starfsmannahússins. Sá rofi hefir ekki enn verið tengdur.

Á húseignir eru skráðar 152 vinnustundir.

9. Vélar og verkfæri.

Keypt var ein kjarrsög, Jonsered RS 45, og ein keðju-sög, Jonsered 450. Vélin í Toyotabílnum var yfirfarin af Gunnari Hermannssyni á Grundarhóli. Voru slípaðir ventlar, rennd soggrein og skipt um greinapakkingu. Kostnaður vegna viðhalds og rekstur bíls nam kr. 116.000.

10. Ferðafólk.

Ekki er getið annarra "opinberra" heimsóknna í Haukadal en hóps norðmanna frá Telemark skogoppsyn, sem komu þ. 30 júlí.

11. Niðurlag .

Tekið skal fram, að meginhluti þess lesmáls, sem hér fór á undan er að grunni til tekinn saman af Sigvalda Ásgeirssyni, verkstjóra í Haukadal. Sumir kaflarnir eru umritaðir, bætt inn í aðra eða felldir niður hlutar.

Eins og áður er nefnt, þá varð mikill munur á unnum og áætluðum vinnustundum. Nemur sá munur um 2000 vinnust. enda var reksturinn nánast í lágmarki.

Umfang margra verkefna varð mun minna en ráð var fyrir gert, og önnur féllu alveg niður, svo sem vegagerð. Beðið hefir verið eftir plægingu í mörg ár, enda var dráttartækið í herleiðingu austur á landi árum saman. Vinna við jólatré var of lágt áætluð um 166 vinnust.

Helstu niðurstöðutölur yfir reksturinn eru þessar:

Laun lausráðinna að viðb. yfirv. Sigv. Ásg. kr.	796 þús.
Hluti launa Sigv. Ásg., sem bókuð eru hjá 11	- 240 -
Alls laun	kr. 1.036 þús
Rekstrargjöld	- 945 -
Eignakaup	- 30 -
Alls gjöld	kr. 2.011 þús.
Seld jólatré	- 1.370 -
Mismunur	kr. 741 þús.

Mér var falin umsjón með Haukadal með bréfi, dags. 28. mars, 1978. Hefði ég kosið að halda þessari umsjón út starfstíma minn hjá Skógrækt ríkisins, enda verður því tapast á móti mælt að staðurinn hafi tekið stakkaskiptum til hins betra á þessum árum. Hér eiga þó trén sjálf stærstan hlut með eigin lífsbaráttu.

Gegn vilja mínum hefir umsjón Haukadals nú verið fengin öðrum í hendur. Röksemdir fyrir þessari ráðstöfun virðast fremur hæpnar og gætu minnt á svar Þorgeirs Hávarssonar, er hann hafði sneitt höfuðið af sauðamanninum á Hvassafelli: "Eigi hafði hann nökkur sakar til móts við mig, en hitt var satt, að eg máttu eigi við bindast, er hann stóð svo vel til höggsins".

Reykjavík, 13. mars 1987


Baldur Þorsteinsson